



SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS



Fjallabyggð

Rekstrarsamningur Fjallabyggðar (580706-0880)

og Síldarminjasafns Íslands ses. (661006-1530)

1.1.2023-31.12.2026

1.

Fjallabyggð greiði Síldarminjasafninu árlega fasta fjárupphæð í þeim tilgangi að tryggja rekstur safnsins. Upphæðinni er fyrst og fremst ætlað að annast og reka Síldarminjasafn Íslands eins og lýst er í skipulagsskrá stofnunarinnar. Undir það fellur t.a.m. söfnun, varðveisla og rannsóknir á menningarsögulegum minjum svo og að auðvelda almenningi aðgang og kynni af þeim.

2.

Íbúar með lögheimili í Fjallabyggð fá gjaldfrjálsan aðgang að safninu og sýningum þess. Bæjarstjórn og bæjarráð Fjallabyggðar geta óskað eftir að móttaka gesta fari fram á safninu og er tilhögun slíkra heimsókna ákveðin fyrirfram í samvinnu beggja aðila.

3.

Hlutverk Síldarminjasafnsins er skilgreint skv. skipulagsskrá og söfnunarstefnu þess. Þar að auki skal það leitast við að varðveita muni og gögn um sögu Fjallabyggðar. Síldarminjasafnið skal efla og stuðla að góðu samstarfi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu, m.a. með leiðsögn nemanda um safnið. Síldarminjasafnið er reiðubúið að veita faglega ráðgjöf um gerð sýninga sem tengjast sögu Fjallabyggðar, og koma að uppsetningu þeirra. Um slíkt samstarf skal gera sérstakt samkomulag við bæjarráð Fjallabyggðar.

4.

Starfsmenn safnsins verði tilbúnir til að vinna að eðlilegum samvinnuverkefnum um kynningu á ferðaþjónustu í Fjallabyggð og Síldarminjasafninu í samráði við markaðs- og menningarfulltrúa og bæjarstjóra. Einnig verði þeir reiðubúnir að taka að sér sérstök verkefni um kynningu á ferðaþjónustu í Fjallabyggð skv. samkomulagi.

5.

Fjallabyggð greiðir Síldarminjasafni Íslands kr. 6.050.000. Safnhús eru undanþegin fasteignaskatti skv. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og er hann því niðurfelldur. Síldarminjasafninu ber hins vegar að greiða aðra liði fasteignagjalda og er greiðsla vegna þeirra frádregin heildarupphæðinni skv. álagningarseðlum. Eftirstöðvar skulu greiddar með einni greiðslu 1. febrúar 2023 samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Yfirlit yfir greiðslur ársins 2023	
Heildargreiðsla	6.050.000
Greidd fasteignagjöld	2.155.890
Samtals	3.894.110
Greitt til Síldarminjasafnsins	
1.febr	3.894.110
	3.894.110

Sundurliðun fasteignagjöldum 2023 er efirfarandi:

Fasteignagjöld fasteigna Síldarminjasafns Íslands ses árið 2023							
Fasteign	Heimilisfang	Fasteignask.	Lóðarleiga	Holræsagjöld	Vatnsskattur	Hreinsgjald	
227-7555	Snorragata 10	Undanþegið	192.474	192.308	192.308	0	577.090
213-0845	Snorragata 12	Undanþegið	148.851	65.781	65.781	0	280.413
233-8453	Snorragata 14	Undanþegið	154.845	0	0	0	154.845
222-2142	Snorragata 16	Undanþegið	122.211	77.798	77.798	51.600	329.407
213-0848	Snorragata 18	Undanþegið	108.225	30.457	30.457	0	169.139
233-8454	Snorragata 20	18.605	39.461	0	0	0	58.066
213-0941	Tjarnargata 2	Undanþegið	55.278	43.863	43.863	0	143.004
213-1021	Vetrarbraut 19B	77.050	30.870	46.063	46.063	51.600	251.646
213-0357	Hávegur 60	47.840	35.640	28.600	28.600	51.600	192.280
		143.495	887.855	484.870	484.870	154.800	2.155.890

Fasteignagjöld og fasteignaskattur fyrir árið 2023 er kr. 2.155.890

6.

Fjallabyggð leigir Síldarminjasafni afnot af eldtraustu herbergi í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Neons, Suðurgötu 4. Leigugjald er kl. 30.000 pr. mánuður. Fjallabyggð veitir Síldarminjasafni Íslands ses. styrk sem nemur leigunni á gildistíma samnings. Verðmæti þess styrks er kr. 360.000 á ári.

7.

Samningurinn gildir til 31.12.2026 og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 3 mánaða fyrirvara. Þann 1. janúar, ár hvert á samningstímanum, hækkar heildarupphæð samnings um 3,5%, í fyrsta sinn 1. janúar 2024. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 skal hann endurskoðaður.

Fjallabyggð, dagsetning _____

f.h. Fjallabyggðar

f.h. Síldarminjasafns Íslands ses

Sigríður Ingvarsdóttir

Aníta Elefsen

Vottar :

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala